

Sestu lestu



Hundakúnstir

Hundakúnstir



ISBN: 978-9979-0-1957-2

- © 2015 Kristjana Friðbjörnsdóttir
- © 2015 teikningar og myndasögur Karl Jóhann Jónsson
- © Ljósmyndir: bls. 44, 45, 47, 48, 49 Brynhildur Inga Einarsdóttir,
bls. 46 Veronika Druk/Dreamstime.com

Ritstjórn: Sýlvía Guðmundsdóttir

Ráðgjöf: Þóra Rósa Geirsdóttir

1. útgáfa 2015

Námshagstofnun

Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Optima 14 pt.

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

– Umhverfsvottuð prentsmiðja

Sestu lestu

Hundakúnstir



Kristjana Friðbjörnsdóttir
Karl Jóhann Jónsson teiknaði myndir

Efnisyfirlit


1. kafli	5
2. kafli	10
3. kafli	14
4. kafli	19
Myndasaga	21
Myndasaga.	24
5. kafli	25
6. kafli	28
7. kafli	31
Myndasaga	33
8. kafli	36
9. kafli	40
Viltu vita meira?	44
Úrvinnsla	50

Sestu lestu



Þessi saga er um Nönnu og hvolpinn Emmu sem hún fékk í afmælisgjöf.

Þú ættir að byrja á að skoða teikningarnar og velta fyrir þér söguþræðinum.

Í bókinni sérðu víða svona blöðrur  Þær eru til að þú **staldrir við** og hugsir um það sem þú varst að lesa.

Það er líka gott að rifja upp söguna að loknum lestri.

Aftast í bókinni eru fróðleiksmolar um íslenska fjárhundinn. Suma viltu kannski lesa oftar en einu sinni.





1. kafli

Það var ausandi rigning og rok þegar Nanna vaknaði. Hún var hvorki hissa né leið.
Veðurstofan hafði spáð stormi á landinu öllu.
Nönnu var nánast alveg sama. Þetta yrði
besti dagur sem hún hefði lifað.

Undirbúningur fyrir tíu ára afmælið hafði staðið í nokkra daga. Pabbi og mamma sáu um afmælisköku og skreytingar.


Og að sjálfsgöðu að finna afmælisgjöfina. Nanna hafði séð um allt hitt.

Að mörgu var að hyggja. Hún hafði horft á ótal kennslumyndbönd á netinu og lesið margar bækur. Hún hafði eytt miklum

tíma í að velta fyrir sér hvaða fóður væri best og hvaða taumur væri hentugastur. Allir vasapeningarnir hennar höfðu farið í að kaupa bæli og fallegustu ólina í dýrabúðinni.

Innkaupin hafði Nanna svo falið inni í fataskáp. Hún vissi að foreldrar hennar vildu koma henni á óvart.

Í dag var stóri dagurinn runninn upp. Dagurinn sem draumurinn rættist. Draumur Nönnu um að eignast hund.



Hvað merkir
að koma
einhverjum
á óvart?


Ekki bara einhvern hund heldur íslenskan fjárhund. Fjárhund sem átti að heita Emil.

Pabbi og Nanna höfðu oft rætt um hunda. Pabba fannst að hundar ættu að búa í sveit. Ekki í þröngum íbúðargötum með stórum húsum, sólpöllum og litlum görðum. Nanna var algjörlega sammála. En hana langaði samt í hund. Hún lofaði að vera dugleg að fara með hann í langar gönguferðir. Hún lofaði að kenna honum hlýðni og flott brögð. Hún lofaði að æfa hann í að gelta bara á innbrotsþjófa. Hún lofaði öllu fögru. En pabbi stóð fastur á sínu.

– Sjáum til þegar þú verður tíu ára, hafði hann sagt.

Og í dag varð Nanna tíu ára. Í dag myndi hún eignast hund.

Hvers vegna fannst pabba að hundar ættu ekki heima í borgum?





Í eldhúsinu biðu þau öll eftir henni.
Mamma, pabbi og Smári bróðir hennar.

– Til hamingju með daginn, elskan,
kallaði mamma.

– Ég held bara að þú hafir stækkað
í nótt, baunin mín, sagði pabbi.

– Uh, já. Til lukku með fæðingardaginn,
litla systir, sagði Smári. Hann hélt áfram
að glugga í fréttablað.

Smári var í 10. bekk. Hann var sérlega
greindur, eins og pabbi orðaði það. Hann bjó
hjá mömmu sinni í Stykkishólmi en kom aðra
hverja helgi í bæinn með rútu.

Hver er baunin
hans pabba?

Mamma vísaði Nönnu til sætis. Um leið kom pabbi með eggjaköku og beikon á disk og nýkreistan appelsínusafa.

– Bara það besta fyrir afmælisbarnið, sagði hann.

– Umm, uppáhaldið mitt, sagði Nanna og klappaði saman lófum.

– Ég er hrædd um að þetta verði skrytinn afmælisdagur, sagði mamma lágt. Það koma engir gestir í þessu veðri. Hún horfði áhyggjufull á Nönnu.

– Það gerir ekkert til, svaraði Nanna með fullan munninn af eggjaköku.

Mamma og pabbi litu undrandi hvort á annað.

– Þú veist hvað það þýðir, baunin mín. Engar gjafir. Nema frá okkur auðvitað. Pabbi horfði rannsakandi á dóttur sína.

– Ég veit. Og mér er alveg sama. Þetta verður besti dagur ævi minnar. Nanna brosti út að eyrum og tók svo gúlsopa af appelsínusafa.

Af hverju var lítil von á gestum í afmælið?



2. kafli

Afmælisdagurinn var skemmtilegur þrátt fyrir storminn. Pabbi, mamma og Smári lögðu sig fram við að skemmta Nönnu. Þau fóru í dansleik í leikjatölvunni. Horfðu á kvikmynd um galdrastelpur og nokkra þætti um hundatemjara.

Því skyldi
Smári ekki hafa
skemmt sér?

Smári skemmti sér alls ekki vel og andvarpaði oft en lét sig hafa það.

Þegar fjölskyldan hafði gætt sér á dýrindis afmælistertu gat Nanna ekki setið á sér lengur.

– Jæja, þarf ekki að fara að ná í afmælisgjöfina mína? Það má ekki láta hana bíða eina of lengi.

Mamma og pabbi hlógu bara og fannst Nanna óskaplega fyndin.

– Jú, það fer nú að verða kominn tími á gjöfina þína. Opnaðu gjöfina frá Smára á meðan ég sæki hana. Pabbi gekk í burtu, leyndardómsfullur á svip.

Smári rétti systur sinni fallega skreyttan pakka. Nanna var ekki lengi að rífa utan af honum pappírinn. Í pakkanum var blátt pennaveski með mynd af krúttlegum hvolpi.

– Takk! Vá, þetta er æðislegt pennaveski. Vel valið, Smári.



– Verði þér að góðu, svaraði Smári. En ég valdi það ekki, það var mamma þín. Ég hefði aldrei keypt svona ljó ...

– Og hér er gjöfin frá okkur, greip mamma fram í. Hún hvessti augun á Smára. Hann yppti öxlum.

Pabbi kom inn í eldhúsið með stóran kassa. Hann skellti honum á gólfið.

– Æ, passaðu þig. Farðu varlega, hrópaði Nanna.

– Jæja, til hamingju með afmælið, elskan, Þetta er frá okkur pabba, sagði mamma.

Nanna horfði rannsakandi á kassann.

– Hvar eru loftgötin? Settuð þið engin loftgöt á kassann? æpti hún.

Mamma og pabbi störfðu á dóttur sína og svo hvort á annað.

– Loft hvað? hváði pabbi. Hvað ertu að tala um?

En Nanna svaraði ekki. Hún réðst á kassann og reif hann í sundur.

Til hvers vildi
Nanna hafa loftgöt
á kassanum?

Það varð að bjarga aumingja hvolpinum sem var geymdur í kassa án loftgata.

Hún vonaði að hún væri ekki of sein.

– Svona, svona, tautaði hún. Ég skal bjarga þér, litli minn. Hva? Hvað er þetta?

Nanna starði ofan í pappakassann á gólfinu.

– Þetta er dúnúlpa, elskan mín, sagði mamma eilítið skrækroma. Hún skildi ekkert í hegðun dóttur sinnar. Ljósblá, alveg eins og þú óskaðir þér.



Hvað er
að gerast á
myndinni?



3.kafli

– Baunin mín. Láttu ekki svona. Komdu og talaðu við okkur.

Pabbi hafði nú staðið í tvo klukkutíma fyrir utan herbergishurðina hennar Nönnu.

– Þú sveikst loforð, pabbi! Þú lofaðir mér íslenskum fjárhundi á tíu ára afmælinu mínu.

Nanna var grátandi.

– Ég man bara ekkert eftir því að hafa lofað þér hundi! Ég myndi muna slíkt, svaraði pabbi.

– Ég man það! Það var fyrir fjórum árum. Þegar ég var sex ára. Þú varst að horfa á sjónvarpið. Á mynd um geimverur sem ráðast á Jörðina. Það var bönnuð mynd. Nanna var með ekka.

– Við vorum að tala um hunda, hélt hún áfram. Ég spurði hvort ég mætti fá hund og þú sagðir: Kannski seinna. Þá spurði ég hvenær. Og þú sagðir: Kannski þegar þú verður tíu ára. Ég man þetta alveg, pabbi! Gráturinn jókst.

Pabbi gafst upp. Hann fór niður og settist hjá mömmu og Smára við eldhúsborðið.

– Hvað er nú til ráða? dæsti hann.



Hafði pabbi lofað hundi? Kíktu líka á bls. 7.



Mamma hvessti
augu á pabba,
hvers vegna?

Mamma sat með krosslagðar hendur og hvessti augun á pabba.

– Ja, það er þitt að vita, Finnbogi. Þú gafst þetta loforð.

– En ég ... stamaði pabbi.

– Einu sinni lofaðir þú að fara með mér að skoða geimferðastofnun Bandaríkjanna. Þá varstu að spila bílaleik í tölvunni, sagði Smári glottandi. Þú sagðir að við færum einhvern tímann. Ég býð bara spenntur.

Stormurinn færðist í aukana þegar leið á kvöldið. Nanna hafði dottað þegar bankað var laust á hurðina.

– Litla baun, ertu vakandi?

Nanna var við það að kalla **nei** þegar hún heyrði væl og krafs.

– Hér er lítill hvolpur sem vill hitta þig, hvíslaði pabbi og bankaði aftur.

Nanna rauk upp úr rúminu og reif upp hurðina. Og þarna var hann.

Hvolpurinn hennar. Gullfallegur, ljósgulur og hvítur íslenskur fjárhundur.

Hvolpurinn flaðraði glaður upp um Nönnu. Hún tók hann í fangið og faðmaði hann að sér.

– Hæ, Emil. Þú átt að heita Emil. Já, þú átt að heita það, sagði Nanna. Hvolpurinn sleikti á henni kinnina.

– Eh, þetta er reyndar tík, baunin mín. Hún getur nú varla heitið Emil, sagði pabbi.

Því skyldi Nanna hafa rifið upp hurðina?



Nanna starði undrandi á pabba. Þessu hafði hún ekki átt von á. Emil var stelpa.

– Sjáðu til, ég fann engan rakka með svona stuttum fyrirvara. Ég fann þessa tík á bæ hér rétt fyrir utan borgina. Hún var auglýst á netinu. Og ég bara skellti mér af stað.

Hvað merkja
orðin *rakki*
og *tík*?

Nanna horfði til skiptis á pabba og Emil sem gat ekki heitið Emil. Hvolpurinn nagaði hárið hennar af áfergju.

– Takk, pabbi! Takk. Það er allt í lagi að þetta sé ekki rakki. Mér finnst hún æðisleg. Ég læt hana bara heita ... Emma. Það er fallegt nafn.

Í sömu andrá kom mamma upp á stigapallinn. Hún snarstansaði og starði á pabba og Nönnu með hvolpinn í fanginu.

– Finnbogi, hvað hefurðu gert. Við kunnum ekkert að ala upp hund, hvíslaði hún.

Pabbi brosti bara og klóraði Emmu á bakinu.

Nanna var í sjöunda himni. Draumurinn hafði ræst.



4. kafli

Emma var yndislegur hvolpur ... í nokkra klukkutíma. Í fyrstu gekk allt vel. Emma var svo mikið krútt að meira að segja Smári vildi halda á henni og klappa. Hún var róleg, galti ekkert og lá bara hjá Nönnu í sófanum. Mamma hrósaði pabba og sagði að hann hefði valið góðan hvolp.

Þegar tími var kominn til að fara í háttinn lagðist hún á teppi fyrir neðan rúmið hennar Nönnu og steinsofnaði. Hraut meira að segja svolítið.

Hvað er
að hrjóta?

Svo byrjaði ballið. Um miðja nótt vaknaði Nanna við væl í Emmu. Hún tók hana upp í rúm til sín en Emma hætti ekki að væla. Hún þaut bara fram og til baka í rúminu þar til hún settist niður og pissaði á miðja sængina.

– Mamma! kallaði Nanna.



Eftir þetta fór pabbi með Emmu niður í þvottahús og bjó til gott bæli fyrir hana þar. En Emma vildi ekki sofa ein. Hún vældi og vældi og hélt vöku fyrir fjölskyldunni. Alveg þar til pabbi lagðist hjá henni á gólfið. Þá sofnaði hún. En alltaf þegar pabbi ætlaði að læðast í burtu vaknaði Emma og fór að væla.

Morguninn eftir vaknaði Emma hress og kát og stökk ofan á pabba sem lá enn á gólfinu.

Í gleðilátunum klóraði hún hann óvart í andlitið. Nanna rumskaði við öskrin í pabba.

– Æi, hún er svo mikill óviti, sagði Nanna og knúsaði hvolpinn sinn.

Emma vældi uppi í herbergi og í þvottahúsinu. Hvað ætli hún hafi viljað segja?



Seinna um daginn komu gestirnir sem ekki höfðu komist í afmælisveisluna daginn áður. Emma lá sofandi undir eldhúsborði. Gestunum leist mjög vel á Emmu og dáðust að því hvað hún væri fallegur hundur. Svo fóru allir að borða kökur og Nanna tók upp gjafir. Þegar gestirnir kvöddu og fóru fram í forstofu var búið að naga göt á tvenna skó. Hæll af rauðum kvenskó var sundurtættur.

Veski einnar frænkunnar, sem hún hafði skilið eftir við útidyrhurðina, var í tætlum og innihaldið komið út um allt gólf. Á miðju gólfinu lá illa lyktandi hundaskítur.

– Almáttugur minn, æpti mamma og greip fyrir andlitið.

– Þvílíkt óargadýr! skrækti frænkan sem átti veskið.





– Oj, fnykurinn er agalegur, sagði Smári og greip um nefið.


– Úps, stundi Nanna.

– Emma þó! öskraði pabbi.

Emma var hvergi sjáanleg. Þegar gestirnir voru farnir leitaði fjölskyldan um allt hús að hvolpinum. Nanna og Smári fundu hana ofan í sjónvarpssófanum. Hún var búin að naga gat á áklæðið, rífa svampinn í tætlur og var nú lögst til svefns í holunni.

– Mig grunar að nú verði vandræði, tautaði Smári.

Hvaða vandræði skyldi Smári hafa séð fyrir sér?





5.kafli

Emma lærði að gelta um nóttina. Hún galti stöðugt í þvottahúsinu þar til mamma skipaði Nönnu að fara og liggja hjá henni. Nanna ætlaði að fara að mótmæla því henni fannst óþægilegt að sofa á gólfi en svipurinn á mömmu skelfdi hana.

Morguninn eftir heyrði Nanna til pabba og mömmu við morgunverðarborðið.

– Ég meina það, Finnbogi, þetta gengur ekki. Við kunnum ekkert á hunda.

Hvernig ætli svipurinn á mömmu sem skelfdi Nönnu hafi verið?

– Nei, nei. Ég sé það núna. Þetta gengur bara alls ekki. Hundurinn verður að fara. Pabbi saup á kaffinu og brenndi sig á tungunni.

Nanna rauk inn í eldhúsið með Emmu á hælunum. Hún var eldrauð í framan og stappaði niður fótum.

– Hundurinn fer ekki! Emma er minn hundur. Ég á bara eftir að þjálfa hana pínulítið. Ég get það alveg.

Pabbi og mamma horfðu undrandi á dóttur sína.

– En, ehumm sko þú hlýtur að skilja að það gengur ekki að hafa hund sem pissar og kúkar út um allt. Og eyðileggur hluti, tautaði pabbi.

– Jú víst, æpti Nanna. Hún ætlaði að segja svo miklu meira en réð ekki við grátinn.

– Hvernig væri að senda Nönnu og Emmu í hundaskóla? Þá læra þær það sem til þarf, hjá hundþjálfara. Sem kann á hunda.

Smári kom geispandi inn í eldhúsið.

Hvað kom í veg fyrir að Nanna segði allt sem hún vildi?

Smári var með bakpokann sinn því hann var á leið í rútuna heim til mömmu sinnar.

Nanna hætti snarlega að gráta. Pabbi kinkaði kalli, hugsandi á svip.

– Þú segir nokkuð, Smári, sagði mamma. Hún leit á pabba.

– Þetta er ég einmitt alltaf að segja þér, Matthildur. Hann er virkilega greindur, hann Smári. Pabbi horfði stoltur á son sinn. Smári hristi höfuðið og fékk sér morgunkorn.

Tveimur dögum, fjórum nöguðum skóm og einni ónýtri dúnúlpu síðar voru Nanna og Emma mættar í Hundaskóla Hafliða.



Hvað gerði Smári sem gladdi pabba svona?



6.kafli

Hafliði var þekktur hundapjálfari og rak skólann sinn í stórri skemmu fyrir utan borgina. Pabbi keyrði Nönnu og Emmu á staðinn. Hann var að flýta sér á fund svo hann gat ekki verið með á námskeiðinu.

– Stattu þig nú, baunin mín. Ég sæki ykkur eftir tvo klukku tíma.

Hvernig hús er skemma?

Nanna fór með Emmu inn í skemmuna. Þar voru fyrir hundar af öllum stærðum og gerðum ásamt eigendum sínum. Hávaxinn maður í grænum stígvélum og lopapeysu kom gangandi til Nönnu og Emmu. Hann heilsaði þeim og bauð velkomnar á námskeiðið. Nanna var svolítið feimin. Og svo réð hún ekkert við Emmu sem vildi hitta alla hina hundana. Á stuttum tíma varð allt vitlaust. Emma galti og togaði í tauminn. Allir hinir hundarnir fóru þá líka að gelta. Innan skamms voru allir eigendurnir sussandi og togandi í tauma.

Hafliði klappaði saman höndum og kallaði hátt. Á augabragði náði hann athygli allra hundanna. Meira að segja Emma stoppaði og beindi athygli sinni að Hafliða.

Lokaðu augunum og sjáðu fyrir þér kennslustundina eftir að Emma byrjar að gelta.



Fyrsti tíminn gekk hroðalega. Hafliði vildi þjálfa innkall. Þá áttu eigendur að kalla á hundana sína. Hundarnir hlýddu allir strax og hlupu til eigenda sinna. En ekki Emma. Hún kom aldrei til Nönnu þó hún kallaði og kallaði. Emma vildi frekar fylgja hinum hundunum og sníkja gott hjá öðrum. Í lok tímans var Nanna með tárin í augunum. Hafliði klappaði henni á öxlina. Hann ráðlagði henni að æfa Emmu í að þekkja nafnið sitt. Hann sagði henni líka að Emma þyrfti að skilja að Nanna væri sú sem stjórnaði.

Því er
Nanna svona
leið?

– Hvernig gekk, baunin mín, spurði pabbi þegar hann sótti þær.

– Rosalega vel, tautaði Nanna og þurrkaði í laumi tár af kinn.

Hegðun Emmu skánaði ekkert á næstu vikum. Nanna lagði sig alla fram við að fylgja leiðbeiningum Hafliða en allt kom fyrir ekki. Emma var óþekkasti hundurinn á námskeiðinu.





7. kafli

Þegar hundar og eigendur luku námskeiði hjá Hafliða var tekið hlýðniþróf. Það var alltaf í síðasta tímanum. Nanna gat ekki sofið nóttina fyrir prófið. Hún hafði eytt öllum deginum í að æfa Emmu. En hún virtist ekki hafa lært neitt á námskeiðinu. Mamma og pabbi voru alveg að missa þolinmæðina.

Hvað truflaði nætursvefninn hjá Nönnu?

– Þetta gengur ekki, Nanna mín. Það er ekkert hægt að kenna þessum hundi. Og hún heldur áfram að eyðileggja húsgögnin, kvartaði mamma.

– Þessi hundur þarf að komast í sveit, sagði pabbi á hverjum degi áður en hann flýtti sér vinnuna.

Hvað merkir
að fá ekki annað
tækifæri?

Nanna vissi að Emma fengi ekki annað tækifæri. Þær þyrftu að standa sig vel á prófinu. Hún mætti til Hafliða með fulla vasa af pylsum. Uppáhaldinu hennar Emmu.

Hafliði kallaði hundana til sín ásamt eigendum. Öllum gekk nokkuð vel í prófinu alveg þar til kom að Emmu og Nönnu. Emma lét öllum illum látum og togaði í tauminn. Hún fann greinilega lykt af pylsunum í vasanum. Nanna reyndi árangurslaust að kalla skipanir til Emmu. **Sestu! Leggstu! Hæll!** Emma heyrði ekkert. Hún fann bara lykt af pylsum. Hafliði hristi hausinn.



Sestu!



Hlýddu nú, Emma
mín og sestu.




Hæll, ekki
toga. Æ,
pylsurnar! .



Pylsurnar eru
ekki handa
ykkur.



Emma, leggstu,
leggs ...
Nei, ekki
svona, ó!



Elsku Emma. Nú er
prófið bráðum að koma.
Þú verður að hlýða.

– Mér þykir það leitt væna mín en þið munuð ekki ná þessu prófi.


Nanna fann hvernig maginn herptist saman. Tárin brutust fram. Hún greip í tauminn hennar Emmu og dró hana út úr skemmunni. Úti var hávaðarok og rigning. Nanna heyrði Hafliða kalla á eftir henni. Hún vildi ekki að neinn sæi sig gráta og faldi sig á bak við stóran jeppa sem stóð á hlaðinu. Þar kraup hún niður og hágrét. Allt var ömurlegt. Hún var lélegasti hundaeigandi í heimi! Nú myndi hún missa

Hvað sýnir myndin?

ólátabelginn Emmu. Allt af því að hún gat ekki kennt henni að sitja. Eða liggja. Eða ganga við hæl. Hún gat ekki kennt henni neitt.

Emma skynjaði að Nönnu leið illa. Hún gelti og reyndi að sleikja Nönnu í framan.

– **Hættu!** öskraði Nanna.



Hundurinn kipptist við. Skelfingu lostinn tók hann á rás aftur fyrir skemmuna.

– Emma! kallaði Nanna.

Nanna staulaðist á fætur og þurrkaði tárin. Hún skimaði eftir Emmu.

– Emma, kallaði hún aftur. En Emma var hvergi sjáanleg.

Nönnu leist ekki á blikuna. Hvolpurinn hennar var horfinn. Hún hafði ekki ætlað að öskra. Hún var bara svo vonsvikin yfir prófinu. Hún heyrði Hafliða kalla en sinnti því engu.

Nanna hljóp af stað í þá átt sem hún hafði séð Emmu fara. Fram hjá skemmunni og upp í hlíðina fyrir aftan húsið hans Hafliða. Nanna hljóp og hljóp. Hún var komin með blóðbragð í munninn og hlaupasting. En hún hélt samt áfram. Hún mátti ekki týna Emmu.

Hvað merkir að litast ekki á blikuna?

Hvað merkir að sinna því engu?



8. kafli

Nönnu fannst hún hafa hlaupið heila eilífð. Hún hljóp yfir hóla og hæðir, fram hjá litlu vatni og nokkrum sumarbústöðum. Hún kallaði aftur og aftur á Emmu sem var hvergi sjáanleg. Hún stansaði til að ná andanum. Úlpan hennar var rennandi blaut og skórnir líka.

Nanna sá ekki lengur skemmuna hans Hafliða. Hún var rammvillt. Langt var liðið á daginn og tekið að rökkva.

Hvað í sögunni getur sagt okkur svolítið um það hvaða árstími er?

– Emma, Emma mín, kallaði Nanna óttaslegin. Hjálp, ég er villt.

En ekkert bólaði á hvolpinum. Nanna dró símann sinn úr úlpúsanum. Skjálfandi fingrum reyndi hún að velja númerið hans þabba. Skrýtin hljóð bárust frá símanum. Á skjánum stóð að hér væri ekkert símasamband.

Nú var Nönnu allri lokið. Hún var logandi hrædd. Hún vafði úlpunni þétt að sér og saug upp í nefið. Þegar hún var alveg að fara að gráta heyrði hún hljóð. Það barst frá einum af bústöðunum og líktist ýlfri.

– Emma? röddin var líkust hvísli.

Skyndilega heyrðist kunnuglegt gelt. Emma kom skoppandi yfir móann og beint í fangið á Nönnu. Hún virtist ekki hafa hugmynd um að þær væru villtar. Hún var hress að vanda og sleikti ískaldar kinnar eiganda síns.

Nanna faðmaði hundinn sinn.

Nönnu var allri lokið. Hvað merkir það?



– Mikið er ég fegin að sjá þig, elsku besta Emma. Gott að þú varst ekki étin af refum eða rænt af útilegumönnum.

Þar sem Nanna stóð þarna með hvolpinn sinn skoppandi í kringum sig rann upp fyrir henni að hún yrði að koma þeim aftur í Hundaskóla Hafliða. Hún var eigandinn. Hún bar ábyrgðina. Þær voru báðar blautar og kaldar og ekki var langt í myrkur. Nanna dró djúpt andann. Hún dró pylsubita úr vasa sínum og greip í tauminn hennar Emmu.

– Emma, sestu! Röddin var ákveðin en róleg. Hvolpurinn leit á Nönnu, hætti að leika sér og settist strax niður.

Nanna skríkti af ánægju. Loksins hafði henni tekist að þjálfa hund.

– Emma, þefaðu. Nanna hélt pylsubita upp að trýni Emmu. Finndu nú pylsumanninn. Farðu með okkur til Hafliða, sagði Emma með sömu ákveðnu röddinni.



Emma lét ekki segja sér það tvisvar.
Hún stökk af stað með Nönnu á hælunum.
Þær hlupu fram hjá vatni og sumarbústöðum,
yfir hæðir og hóla.

Hvers vegna
hlýddi Emma
Nönnu núna?

Eftir dágóðan tíma fannst Nönnu hún kannast
við sig. Skemman kom í ljós og tveir menn
sem komu stikandi á móti þeim. Nanna þekkti
pabba sinn undir eins. Hafliði var með honum.
Emma tók að gelta, sleit sig lausa og hljóp
á móti mönnunum.

Hvað merkir
að stika?

– Emma, komdu! rödd Nönnu var
skipandi. Emma sneri við á stundinni
og hljóp til eiganda síns.

– Glæsilegt innkall. Vel gert, sagði Hafliði
sem var nú kominn til þeirra.

– Baunin mín, hvar hefurðu verið? Við erum
búnir að leita að ykkur út um allt. Pabbi horfði
áhyggjufullur á Nönnu.

– Æ, ég var bara aðeins að temja
hundinn minn, sagði Nanna.



9. kafli

Hafliði bauð þeim inn og gaf Nönnu heitt kakó og ostabrauð. Emma fékk dýrindis hundamat og lék sér með hundunum á heimilinu. Nanna sagði pabba og Hafliða allt um leitina að Emmu. Hún var sérstaklega stolt af því hvað Emma hefði verið dugleg að rata til baka.

Eftir hressinguna bauð Hafliði Nönnu að taka prófið aftur. Í þetta skipti gekk allt eins og í sögu. Emma hlýddi öllum skipunum og hegðaði sér nokkuð vel. Í lokin gekk Hafliði til Nönnu og óskaði henni til hamingju.

– Þú ert nú útskrifuð af námskeiðinu, Nanna. Með fullt hús stiga. Þú verður án efa góður hundaeigandi.

Af hverju ætli Emmu hafi nú gengið vel á prófinu?



Hvað sagði Hafliði að hundaeigendur þyrftu að kunna og skilja?

– Takk, en hvað með Emmu? Hvaða einkunn fær hún? Nanna horfði spennt á Hafliða.

– Hundarnir fá ekki einkunn. Bara mannfólkið. Ég skal segja þér leyndarmál, Nanna. Þessi hundaskóli er ekki fyrir hunda heldur eigendur þeirra. Það eruð þið sem þurfið að gera hlutina rétt. Þið þurfið að læra réttu tæknina. Kunna að gefa skipanir. Skilja hvernig hundurinn ykkar hugsar og hagar sér. Þá líður hundinum vel. Hafliði klóraði Emmu á hnakkanum.

– Ég skil, sagði Nanna og brosti út að eyrum. Hún var hæstánægð. Emma var eftir allt saman ekki ómögulegur hundur. Og hún var sjálf bara ágætis hundaeigandi.

Nú kallaði pabbi frá bílastæðinu. Hann var með símann við eyrað og var orðinn of seinn að sækja Smára á Umferðarmiðstöðina. Emma hljóp til hans og flaðraði upp um hann. Pabbi reyndi að ýta henni frá sér. Á jakkafötunum hans voru nú brún loppuför.



- Emma þó! gargaði pabbi.
 - Pabbi, ég held að þú þurfir að skella þér á námskeið hjá honum Hafliða.
- Emma gelti hátt og virtist vera alveg sammála.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



Íslenski hundurinn er forvitinn, fjörugur og ljúfur. Hann er glaður og vingjarnlegur í fasi, tryggur og barngóður og óþreytandi félagi í leik og starfi.

Íslenski fjárhundurinn er meðalstór hundur og þekktur fyrir upprétt eyru og hringað skott.

Íslenski hundurinn kom hingað með landnámsmönnum. Rannsóknir benda til þess að hann sé ættaður frá Norðurlöndum.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Æskileg hæð hunds er 46 cm og tíkur 42 cm.



Aðallitir eru

- gulur, allt frá ljósgulum til dökkrauðguls
- leirhvítur
- mórauður
- grár
- svartur

Hárafar er ýmist mjög snögg og loðið og hrindir frá sér vætu.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



Íslenskir fjárhundar hafa gott þefskyn. Þeir hafa því verið notaðir til að leita að eggjum og týndu fé.

Íslenski hundurinn hefur einnig verið þjálfaður til að leita í snjóflóðum og sem meðferðarhundur fyrir einhverf börn. Flestir eru þó bara elskaðir og dáðir heimilishundar.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Frá landnámi hefur íslenski fjárhundurinn verið ómissandi á sveitabæjum landsins. Hann er úthaldsgóður og vinnusamur.

Hundurinn dregur nafn af hæfileikum sínum til að smala fé úr haga eða af fjalli. Tegundin geltir mikið en það nýtist vel í smalamennskunni.



Vakkeðli er íslenska hundinum eiginlegt. Hann sýnir því oft áberandi gestalæti er ókunnugir koma í heimsókn, án þess þó að vera árásargjarn.

fé = kindur

hér er	fé
um	fé
frá	fé
til	fjár

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Árlega fæðast
um 100 hvolpar á Íslandi.
Nokkur hluti þeirra er fluttur út,
bæði til Evrópu og Norður-Ameríku.



Til eru um
400 ræktunarafríggði
af hundum í heiminum.
Eitt af þeim er íslenski
fjárhundurinn.

Fyrir um 60 árum var
íslenski fjárhundurinn
nær horfinn. Hann er ekki lengur
í útrýmingarhættu. Þökk sé fólki
sem hefur tekist að vernda
og rækta stofninn.

Að ala upp hund – nokkur atriði

Þetta lærði Nanna í Hundaskóla Hafliða.

- Hvolpur er ekki leikfang heldur lifandi vera.
- Hundaeigendur þurfa að læra að ala upp hvolp. Þeir þurfa að kunna að gefa skipanir og skilja hvernig hundurinn þeirra hugsar og hagar sér.
- Mikilvægt er að kynnst hvolpinum meðan hann er litill og kenna honum að hlýða.
- Hundar þurfa mikla athygli, líka þegar þeir stækka. Þeir þurfa helst að fá að viðra sig á hverjum degi.
- Flestum hundum finnst gaman í göngutúr og að leika sér úti til dæmis með prik og bolta.
- Hundar þurfa að fá að borða einu sinni eða tvisvar á dag.
- Sýna þarf hundum hlýju og reglusemi, leiðréttu þá ef þeir gera rangt og **hrósa** þeim þegar þeir gera rétt.



Spjallið saman og rifjið upp söguna.

- Hvað heita persónurnar?
- Hvernig munduð þið lýsa þeim?
- Af hverju hvessti mamma augun á pabba?
- Af hverju var pabbi stoltur af Smára?
- Hvert var leyndarmál Hafliða?



Skoðið saman myndina.

Hvað er að gerast og hvað er fólk að segja?

Pabba fannst að hundar ættu að vera í sveitum.

- Hvað finnst ykkur?
- Rökstyðjið svarið.

Emma hafði verið erfið.

- Haldið þið að pabbi skili henni á bóndabæinn?
- Rökstyðjið svarið.

Að ala upp hund

Ímyndið ykkur að þið ætlið að ala upp hvolp.
Ræðið hvaða atriði þið mynduð leggja áherslu á.

Notið hugarkort
til að hjálpa
ykkur.



Stundaskrá

Búið nú til **stundaskrá** fyrir ykkur og hvolpinn í eina viku.
Skrifið dagana, hvað þarf að gera og klukkan hvað.

Orðaskoðun

Í hringnum eru átta orð. Tvö passa ekki.
Reynið að finna þau og útskýra af hverju.



Hundakúnstir

hunda

kúnstir

- Það eru til mörg orð sem byrja á **hunda**.
- Hvað getið þið fundið mörg?
- Gagnlegt er að fletta upp í orðabók.

hunda

hunda

Skoðaðu vefinn um íslensku húsdýrin
á Krakkasíðunum á www.nams.is

Sestu lestu

Áður eru komnar út í flokknum



Bækurnar eru líka til sem raðbækur
á vefsíðu Námsgagnastofnunar
www.nams.is

Sestu  lestu

Hundakúnstir

Hundakúnstir er fjórða bókin í flokknum *Sestu og lestu*.

Efnið er ætlað börnum á yngsta- og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tókum á undirstöðu-atriðum lestrar.

Því er ætlað að vekja með börnunum lestrargleði og áhuga og kynna fyrir þeim mismunandi framsetningu texta.

Aftast í bókinni eru nokkur viðfangsefni sem ætlast er til að börnin vinni saman og ræði.

Höfundur er Kristjana Friðbjörnsdóttir. Myndir teiknaði Karl Jóhann Jónsson.



Námsgagnastofnun
05438

